

Ágætu félagar

Komið er að fyrri hringferð um landið af tveim til að undirbúa 43. þing Alþýðusambands Íslands.

Almennar upplýsingar

Eins og fram kemur í meðfylgjandi minnisblaði um 43. þing Alþýðusambandsins Íslands verður þingið og viðfangsefni þess kynnt og rædd á tveimur fundum með stjórnnum, trúnaðarráðum og áhugasömum félagsmönnum/væntanlegum þingfulltrúm aðildarfélaganna vítt og breytt um landið.

Á fundunum verður lagt upp með að kynna viðfangsefni þingsins með stuttum framsögum og kynningarmyndböndum. Á fyrri fundinum verður lögð áhersla á að taka fyrir þau málefni sem tengjast þátttöku á vinnumarkaði með beinum hætti, s.s. tekjuskiptingu og jöfnuði, tækniþróun og skipulagi vinnunnar ásamt jafnvægis á milli atvinnuþátttöku og einkalífs/fjölskyldulífs. Á seinni fundinum verður sjónum beint að samfélagslegu hlutverki hreyfingarinnar m.t.t. heilbrigðismála og velferðar og húsnæðismála.

Megin tilgangur fundanna er að auðvelda þátttakendum að tjá sig um það sem á þeim brennur, kynna þeim viðfangsefni og gera þeim kleift að koma með ábendingar og tillögur að áherslum og aðgerðum af hálfu Alþýðusambandsins og aðildarfélaganna. Notast verður við fundarform sem byggir á sem mestri virkni fundarmanna.

Markmiðið er að eftir seinni fundarröðina í september verði lögð fyrir miðstjórn drög að stefnuyfirlýsingu og aðgerðaráætlun byggð á niðurstöðum fundanna, sem lögð verður fyrir þingið til frekari umfjöllunar og afgreiðslu.

Skráning félaga á fundina

Biðjum við ykkur um að sjá um að auglýsa fundinn sem haldinn er á ykkar svæði og senda þennan póst áfram til allra í stjórn, varastjórn og trúnaðarráði ykkar félags ásamt því að hvetja aðra áhugasama félagar til að taka þátt í þessum fundum. Mikilvægt er að sem flestir taki þátt í þessum undirbúningi fyrir þingið **og biðjum við ykkur um að kalla eftir skráningu ykkar félaga og látið okkur vita hversu margir mæti** frá ykkar félögum í netfangið asi@asi.is viku fyrir þann fund sem fram fer á ykkar svæði.

Í þeim tilvikum sem félögin eiga stjórnar-, varastjórnar- eða trúnaðarráðsmenn sem búsettir eru utan Reykjavíkur, þá er velkomið að mæta á þann fund sem næstur er þeirra heimili.

Gert er ráð fyrir að haldnir séu 10 tveggja tíma fundir frá 3. – 24. maí. Fundartíminn er frá klukkan 18:00 – 20:00 og boðið upp á léttu máltíð á meðan á fundinum stendur.

Dagsetningar fundanna

3. maí – Norðurland A – Skipagata 14, 4. hæð

Eining – Iðja – Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri – Félag málmiðnaðarmanna Akureyri – Þingið – Framsýn – Rafvirkjafélag Norðurlands – Sjómannafélag Ólafsfjarðar – Sjómannafélag Eyjafjarðar – Verkalýðsfélag Þórshafnar

7. maí – Norðurland B – Sauðárkrúkur

Verslunarmannafélag Skagfirðinga – Iðnsveinafélag Skagafjarðar – Stéttarfélagið Samstaða – Aldan, stéttarfélag

8. maí – Vestfirðir – Ísafirði

Félag járnmiðnaðarmanna Ísafirði – Verkalýðsfélag Vestfirðinga – VI. og sjóm.fél. Bolungarvíkur

14. maí – Suðurland og VMEY – Hótel Selfoss

Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi – Sjómannafélagið Jötunn – Drífandi, stéttarfélag – Verkalýðsfélag Suðurlands – Báran, stéttarfélag – Félag mjólkurfræðinga

15. maí – Vesturland – Hótel Hamar

Verkalýðsfélag Akranes – Stéttarfélag Vesturlands – Verkalýðsfélag Snæfellsness

16. maí – Reykjavík B – Fosshótel Reykjavík

VR – Byggið - Fit

17. maí – Suðurnes – Salur Verslunarmannafélags Suðurnesja

Verslunarmannafélag Suðurnesja - Rafiðnaðarfélag Suðurnesja - VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr. - Verkalýðsfélag Grindavíkur - VI. og sjóm.fél Sandgerðis

22. maí – Austfirðir – Reyðarfirði, salur Afls

AFL - VR Austurlandi

23. maí – Reykjavík C – Fosshótel Reykjavík

Efling, stéttarfélag – Verkalýðsfélagið Hlíf – Sjómannafélag Hafnarjarðar

24. maí – Reykjavík A – Stórhöfða 27

RSÍ – VM – MATVÍS – Grafía – Félag Leiðsögumanna – Flugfreyjufélag Íslands – Félag hársnyrtisveina

Með félagskveðjum,
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins